

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 2158/93

frá 28. júlí 1993

**varðandi framkvæmd breytinga á alþjóðasamningi um öryggi mannlífa á hafinu, 1974,
og alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, að því er reglugerð
ráðsins (EBE) nr. 613/91 varðar**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan bandalagsins ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Beiting reglnanna í alþjóðasamningnum frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974) og í alþjóðlasamningnum frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun 1978 (MARPOL 1973/78), er að því er varðar tilfærslu skipa takmörkuð við þær reglur sem voru í gildi þann dag sem reglugerð (EBE) nr. 613/91 var samþykkt, 4. mars 1991.

Vegna þess hve nauðsynlegt er að auka kröfur um öryggi skipa var SOLAS 1974 og bókuninni frá 1978 breytt þann 9. og 10. nóvember 1988, 11. apríl 1989 og 23 maí 1990. Þessar breytingar öðluðust alþjóðlegt gildi 1. febrúar 1992.

Vegna þess hve nauðsynlegt er að auka kröfur um varnir gegn mengun frá skipum var MARPOL 1973/78 breytt 4. júlí 1991 og öðluðust þær breytingar alþjóðlegt gildi 4. apríl 1993.

Til að tryggja að þessum auknu kröfum um öryggi á hafinu og kröfum um varnir gegn mengun verði framfylgt innan bandalagsins, að því er tekur til yfirfærslu skipa milli skráa í aðildarríkjunum, er rétt að því verði lýst yfir að beita megi þessum breytingum að því er varðar reglugerð (EBE) nr. 613/91.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar frá 7. maí 1993 um skráningu skipa.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar á alþjóðasamningnum frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974) gilda um reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 68, 15. 3. 1991, bls. 1.

1. 1. ályktun „Ráðstefnu ríkisstjórna samningsríkja um alþjóðasamninginn frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu, að því er tekur til allsherjar neyðar- og öryggiskerfis á hafinu“, frá 9. nóvember 1988 um breytingu á I. kafla, 1. lið II. kafla, III., IV. og V. kafla viðaukans við SOLAS 1974 og viðbótinni við hann;
2. 2. ályktun „Ráðstefnu ríkisstjórna samningsríkja um alþjóðasamninginn frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu, að því er tekur til allsherjar neyðar- og öryggiskerfis á hafinu“, frá 9. nóvember 1988 um samþykkt skráningar á búnaði (eyðublað E og R) til viðbótar skírteini SOLAS um öryggisbúnað flutningaskipa og skírteini um öryggisfjarskiptabúnað flutningaskipa sem mælt er fyrir um í viðauka við SOLAS 1974;
3. 3. ályktun „Ráðstefnu þeirra aðila sem áttu hlut að bókuninni frá 1978 um alþjóðasamninginn frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu, að því er tekur til allsherjar neyðar- og öryggiskerfis á hafinu“, frá 10. nóvember 1988 um breytingu á I. kafla viðaukans við bókunina frá 1978 við SOLAS 1974 og viðbótinni við hann;
4. 57. mgr. 13. gr. ályktunar MSC frá 57. fundi nefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi á hafinu, samþykkt 11. apríl 1989, um breytingu á 1. lið I. kafla, 2. lið II. kafla, III., IV., V. og VII. kafla viðaukans við SOLAS 1974;
5. 58. mgr. 19. gr. ályktunar MSC frá 58. fundi nefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi á hafinu, samþykkt 23. maí 1990, um breytingu á 1. lið II. kafla viðaukans við SOLAS 1974.

2. gr.

Ályktun MEPC, 31. mgr. 47. gr., frá 31. fundi nefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi á hafinu 4. júlí 1991 um breytingu á I. viðauka við alþjóðasamþykktina frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og henni var breytt með bókuninni frá 1978, gildir að því er varðar reglugerð (EBE) nr. 613/91.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 1993.

Fyrir hönd ráðsins,
Abel MATUTES
framkvæmdastjóri.
